

13. janúar 2011

Sælir.

Þann 28. nóvember síðastliðinn sendi ég beiðni um álitssgerð varðandi deildir í veiðifélögum, til Stefáns Más Stefánssonar og Eyvindar G. Gunnarssonar hjá Lagastofnun Háskólans, en þeir höfðu unnið mjög fróðlega „Álitssgerð um eðli, réttarstöðu og heimildir veiðifélaga“ fyrir Landsamband Veiðifélaga.

Í álitssgerðinni er hins vegar ekkert um deildir innan veiðifélaga.

Um það bil viku síðar fékk ég eftirfarandi svar :

sæll Gunnar

Við þökkum tölvupóstinn og beiðni þína til okkar. Eftir að hafa skoðað þetta okkar á milli höfum við komist að þeirri niðurstöðu að við teljum okkur ekki fært að verða við beiðni þinni þar sem við lítum svo á að þetta mál eigi betur heima hjá lögmanni sem fer með hagsmunagæslu.

Á hinn bóginn er ein leið sú að þú beinir beiðni þinni að Landsambandi veiðifélaga sem við teljum að geti verið hinn rétti vettvangur. Ef þú fellst á það og Landsambandið beinir síðan hugsanlega einhverjum spurningum að okkur í tengslum við erindi þitt munum við taka til nýrrar skoðunar hvort við getum orðið við slíkri beiðni.

*kveðja
Eyvindur og Stefán*

Í framhaldi af þessu svari langar mig að vita hvort þið getið orðið mér að liði í þessu máli. Meðfylgjandi er beiðnin um álitssgerðina sem ég sendi þeim, en hún inniheldur málavexti þess máls sem er þess valdandi að ég sendi þetta erindi.

Svo vil ég lýsa ánægju minni með þessi ummæli formannsins í Fréttablaðinu í gær, sem fylla mann bjartsýni um öflugan stuðning Landsambandsins við veiðiréttarhafa sem eiga undir högg að sækja :

„Óðinn Sigþórsson, formaður Landsambands veiðifélaga, gerir alvarlegar athugasemdir við að Þór Saari, alþingismaður Hreyfingarinnar, setji eignarrétt veiðiréttareigenda á veiðihlunnindum innan gæsalappa og tali eins og ríkisvaldið hafi það í hendi sér að gera þau upptæk“.

og einnig :

„Sem betur fer ver stjórnarskrá lýðveldisins þegnana fyrir svona stjórnámálönnum ...“

Af því tilefni læt ég líka fylgja með „nýjársávarp“ Lögreglustjórans á Selfossi, sem hann sendi út nýlega, en þar segir m.a.:

„Samkvæmt dóminum (þ.e. S-521/2011), er ljóst að einstökum veiðiréttarhöfum er nú algjörlega óheimilt að ráðstafa sjálfir veiði fyrir sínu landi.“

Til samanburðar fylgir auk þess minnisblað um „Friðhelgi eignarréttar“

Kveðja,

Gunnar Briem